

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá um vatnsgjald í Seltjarnarneskaupstað, nr. 1167/2010.

1. gr.

Fyrirsögnin „Gjaldskrá um vatnsgjald í Seltjarnarneskaupstað“ verður: Gjaldskrá Veitustofnunar Seltjarnarness, kalt vatn.

2. gr.

3. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Gjalddagar.

Gjalddagar vatnsgjalds skulu vera þeir sömu og gjalddagar fasteignaskatta og greiðist vatnsgjaldið með fasteignasköttum.

3. gr.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Ábyrgð á greiðslu gjalda.

Eigandi fasteignar ber ábyrgð á greiðslu vatnsgjalds. Ef notandi er annar en eigandi, ber hann ábyrgð á greiðslu aukavatnsgjalds. Vatnsgjald nýtur aðfararheimildar skv. 9. gr. laga nr. 32/2004. Vatnsgjald ásamt vöxtum og áföllnum kostnaði, nýtur lögveðsréttar í fasteign eiganda næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði. Aukavatnsgjald ásamt áföllnum kostnaði og vöxtum, má taka fjárnámi.

4. gr.

5. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Gjaldskrá þessi sem samþykkt er af bæjarstjórn Seltjarnarneskaupstaðar er sett með stoð í 10. gr. laga nr. 32/2004 um vatnsveitur, 11. gr. reglugerðar nr. 401/2005 um vatnsveitur sveitarfélaga og 6. gr. reglugerðar fyrir Veitustofnun Seltjarnarness nr. 237/2011.

Samþykkt í bæjarstjórn Seltjarnarneskaupstaðar, 8. febrúar 2012.

Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 1. mars 2012